Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

20. tölublað | Þriðjudagur 22. maí 1979 | 8. árgangur | Verð kr. 150

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Farmannadeilan:

Afskipti "vinstri" stjórnarinnar

Eins og menn eflaust muna gáfu nokkrir ráðherranna út þá yfirlýsingu í fjölmiðlum að "ríkisstjórnin mundi grípa inn í yfirstandandi kjaradeilur á einn eða annan hátt og að annað væri óhugsandi."

Það kom og á daginn að Ólafur Jóhannesson beindi þeim tilmælum til deiluaðila að þeir frestuðu verkbönnum og verkföllum gegn skipun sáttanefndar og þriggja prósenta grunnkaupshækkunar. Þessu höfnuðu báðir aðilar nema að því er varðar skipan sáttanefndar.

Inngrip ríkisstjórnarinnar fór því út um þúfur að þessu sinni.

En það dylst væntanlega engum að með afskiptum sínum er ríkisstjórnin að leggja út á mjög hálan ís.

Að minnsta kosti sáu farmenn ástæðu til þess að lýsa því yfir í ályktun sinni 16. maí að "enginn skyldi treysta því að til sé önnur lausn á þessari kjaradeilu en frjálsir samningar." Þessum varnaðarorðum er greinilega beint gegn tilraunum ríkisstjórnarinnar til að grípa inn í deiluna.

Hættir stjórnin afskiptum sínum?

Enginn skyldi ætla að svo sé. Hins vegar er það ljóst að ráðherrar Alþýðubandalagsins munu reyna að koma í veg fyrir svo grímulaus afskipti sem yfirlýsingar annarra ráðherra.

FRAMHALD Á SÍÐU 2



Kjarasamingana í gildi. Fundarmenn á útifundinum 1. mars 1978 rétta upp hendi og samþykkja ávarp fundarins.


Dagsbrúnarstjórnin mótfallin verkfalli farmanna og mjólkurfræðinga

Aðalfundur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar var haldinn s.l. sunnudag. Það er segin saga með þá fundi að þeir eru leiðinlegustu og undurfurðulegustu samkundur sem fram fara ár hvert. Langur talnalestur úr reikningum félagsins og síðan les Eðvarð formaður s.k. skýrslu stjórnar. Þannig eru tveir fyrstu tímar fundarins. Skýrslan er svo enn meiri lestur á tölum, sem fer inn um annað eyrað á mönnum og út um hitt. Pólitískt og faglegt starf félagsins er svo afgreitt með fáeinum setningum.

Að venju brutu þeir Eðvarð og Guðmundur fundarsköp og svöruðu ekki fyrirspurnum er til þeirra var beint.

Á fundinum urðu harðar deilur um afstöðu félagsins til verkfalls farmanna og mjólkurfræð-

FRAMHALD Á SÍÐU 2



Dagsbrúnarstjórnin styður þá viðleitni atvinnurekanda, að reka fleyg milli launþega.

Átta punktar kínverja

SJÁ SÍÐU 3.

Úr Fréttabréfi verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum

SJÁ BAKSÍÐU.

Vextir hækka um 1,5-2%

Nú hefur komið á daginn að vextir munu hækka á næstunni. Áður hefur verið á það bent í STB að tillögur Seðlabankans, sem byggðar eru á efnahagsmálalögum ríkisstjórnarinnar, muni óhjákvæmilega þýða hækkun vaxta.

Haft er eftir Svavari Gestssyni viðskiptaráðherra að tillögurnar séu í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Tillögurnar ganga út á það að nafnvextir lækka en lán verða hins vegar verðtryggð þannig að í raun þýðir þetta að vextir hækka. Á sama tíma og þannig er verið að reyna að auka gróða bankanna með því að verðtryggja tekjur þeirra þá er verið að skerða verðtryggingu launanna.

Því má fullyrða að þessi vaxtahækkun verður launþegum enn þá óhagstæðari en þessi tveggja prósenta hækkun segir til um.

Að síðustu má benda á að þessi hækkun kemur til framkvæmda í áföngum. Fyrst eru vextir hækkaðir á almennum lánum en atvinnurekendur fá eftir sem áður lán á mjög lágum vöxtum án verðtryggingar.

LEIÐARI

Stétta-samvinnustefnan

Stéttasamvinnustefna kratanna í Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum hefur fengið að blómstra í vetur. Þessi stefna, sem í raun og veru er stefna allra borgaralegu flokkanna, miðar að því að taka hag atvinnurekenda fram yfir hagsmuni hins vinnandi fólks.

Flokkarnir nota ítök sín í forystu stærstu stéttarfélaganna til að gera stefnu flokksins að stefnu stéttarfélagsins. Þessi barátta flokkanna um yfirráð yfir verkalýðshreyfingunni lamar allt baráttufúst starf þar og skerðir lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar því að fulltrúar flokkanna reyna að koma á fámennisstjórn til að tryggja völd sín og áhrif.

Stéttasamvinnan hefur afhjúpast óvenju vel í vetur. Núverandi ríkisstjórn hefur það efst á stefnuskrá sinni að skerða kjör hins vinnandi fólks "í samráði við verkalýðshreyfinguna" eins og það er orðað.

Fyrrverandi ríkisstjórn hafði nákvæmlega sömu stefnuskrá nema hvað "samráðið" vantaði. Verkalýðshreyfingin barðist réttilega hart gegn þeirri ríkisstjórn með þeim árangri að hún varð að hrökklast frá.

En núna aðeins ári síðar er forysta verkalýðshreyfingarinnar búin að slíðra sverðin og styður kaupránsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Nú er ekki lengur krafist samninganna í gildi. Þvert á móti. Forystumenn sumra stéttarfélaga hafa blátt áfram heimtað að ríkisstjórnin gripi inn í verkföllin sem nú standa yfir.

Menn muna líka hinar dæmalausu yfirlýsingar ýmissa verkalýðsfélagasambanda í vetur þar sem kauplækkunar var beinlínis krafist.

Reynslan af þessari ríkisstjórn hefur sýnt að henni er í engu treystandi. Hún svífst einskis í kjaraskerðingarherferð sinni. Í mars vildi hún selja opinberum starfsmönnbreyttan samningsrétt fyrir 3%. Nú vill hún kaupa allan samningsrétt af launþegahreyfingunni fyrir 3%.

Reynslan af forystu sumra stéttarfélaganna hefur einnig sýnt okkur að henni er í engu treystandi. Forystumenn sem skipta um skoðun eftir því hvað kemur sér best fyrir ákveðna stjórnmálaflokka eða atvinnurekendur eiga ekki heima í stjórnum stéttarfélaganna. Um leið og við leggjum til baráttu gegn ríkisstjórninni verðum við ekki síður að berjast gegn stéttasamvinnuöflunum inna verkalýðshreyfingarinnar.

Markmiðið er að gera stéttarfélögin að baráttutækjum fyrir hagsmunum hins vinnandi fólks.

Hvað er að gerast í Indókína?

Þessi heimshluti er nú vettvangur meginþunga heimsvaldastefnu Sovétríkjanna. Hernaðaraðgerðir víetnama gegn kínverjum eru aðeins tilraunir til að fela það sem raunverulega er að gerast í þessum heimshluta.

Víetnamar hafa lengi stefnt að einskonar Sambandsríki Suðaustur-Asíu undir forystu þeirra sjálfra. Með miklum hernaðarstuðningi rússa hafa þeir nú látið til skarar skríða gegn nágrönnum sínum. Víetnamar hafa sem kunnugt er mikinn her í Laos og Kampútseu og hafa haft í hótunum við stjórn Tælands. Það þarf því í meira lagi glámskyggnan mann til að sjá ekki fyrirætlanir víetnama og rússa.

Meðan víetnamar halda áfram ögrunum sínum við Kína og ræða um frið hins vegar streyma sovésk hergögn og sovéskir hernaðarsérfræðingar til landsins. Þessi hernaðarflutningur rússa fer síðan í að auka yfirgang víetnama í nágrannalöndunum.

Ætlun víetnama er alls ekki að ráðast inn í Kína. Þeir vita að slíkur hernaður fæli í sér ósigur þeirra sjálfra.

Tilgangurinn er aðeins sá að fela yfirgang víetnama og rússa í þessum heimshluta.

Kína og skæruliðaher Pol Pots í Kampútseu eru helstu þröskuldar í vegi sovésku heimsvaldastefnunnar á þessu svæði.

Þess vegna hafa sovétmenn og stuðningsmenn sovésku heimsvaldastefnunnar á Vesturlöndum hafið andkínverska áróðursherferð. Við verðum að vera á varðbergi gagnvart þessum áróðri og afhjúpa stuðningsmenn sovésku heimsvaldastefnunnar á Íslandi eins og þjónar bandarísku heimsvaldastefnunnar hafa verið afhjúpaðir.

Tilvist risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna þar sem Sovétríkin eru hið hungraða risaveldi er ógnun við heimsfriðinn í dag.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Farmannadeilan:

Það þýðir þó ekki að AB muni ekki beita slíkum aðferðum.

Skoðum ummæli Svavars Gestssonar í Þjóðviljanum 17. maí:"Þá tel ég að það hafi ekki verið til þess að greiða úr málinu að ýmsir samstarfsmenn mínir hafa látið frá sér fara ótímabærar og óheppilegar yfirlýsingar varðandi deiluna." (Undirstr. STB).

Ef það er aðeins spurningin um heppilegt tækifæri til að grípa inn í mega farmenn og aðrir eiga von á frekari afskiptum í fyllingu tímans.

Slík vinnubrögð ríkisstjórnar sem í þokkabót kennir sig við "vinstri" koma vissulega ekki aðeins farmönnum við heldur allri verkalýðsstéttinni.

Þau sýna svart á hvítu að ekki er um það að ræða að ríkisvaldið sé vinveitt verkafólki heldur er það þvert á móti því fjandsamlegt. Haldi ríkisstjórnin til streitu í kjaramálum verkalýðsfjandsamlega stefnu sinni er það beinlínis skylda verkalýðshreyfingarinnar að grípa til harðrar baráttu gegn henni. Verði því ekki sinnt af hálfu forystumanna ASÍ innan mjög skamms tíma játa þeir samsekt sína með ríkisstjórninni. Það er því brýn nauðsyn fyrir almennt verkafólk að búa sig undir þau átök sem nú virðast óumflýjanleg.

Verkafólk skipuleggi sig.

Ef árangur á að nást, er nauðsynlegt að verkafólk hefji nú þegar sjálfstæða skipulagningu krafta sinna á sínum vinnustað og innan sinna verkalýðsfélaga. Með sjálfstæðri skipulagningu er átt við að verkafólk myndi hópa á vinnustað eða í verkalýðsfélagi. Þannig getur verkafólk sjálf rætt um sín kjaramál og myndað með sér sterka samstöðu.

Án slíkrar samstöðu má ljóst vera að það er erfitt fyrir einn og einn að þrýsta á stjórn félagsins til aðgerða eða þá styðja við bakið á þeim stjórnum vantar ekki viljann heldur kjarkinn.

Erfiðir tímar eru framundan í baráttu verkalýðsins. Ekki síst sökum þess að ríkisstjórnin sem kenndi sig í orði við "vinstri" hefur orðið ber að því að vera argasta hægristjórn í raun.

Þessi hráskinnaleikur hefur valdið klofningi meðal verkafólks og tafið fyrir og unnið skemmdarverk á varnabaráttu þess.

Afskipti ríkisstjórnarinnar af farmannadeilunni eru því mikilvægur lærdómur fyrir verkafólk sem ætti að taka af öll tvímæli um, hvers eðlis ríkisstjórnin er.

Dagsbrún

FRAMHALD AF FORSÍÐU



Vinnandi fólk á samleið í kjarabaráttunni.

inga. Þeir Kjartan Valgarðsson, Gunnlaugur Þór og Gunnar Hrafn báru fram tillögu þess efnis að Dagsbrún lýsti yfir fullri samstöðu með farmönnum og mjólkurfræðingum í baráttu þeirra nú gegn atvinnurekendum og ríkisvaldinu. Þessu gátu alþýðubandalagsmennirnir í stjórn félagsins ekki unað. Þeir báru fram frávísunartillögu á stuðningstillöguna og fengu hana samþykkta. Á fundinum var samþykkt mótmælaályktun við verkbannsákvarðanir VSÍ.o.s. frv..

Stjórn Dagsbrúnar hefur nú grafið upp stríðsöxina gegn því sem hún nefnir hálaunafólk og er sú stefna mjög í anda Alþýðubandalagsins. Samkvæmt há-og láglaunakenningu þessari eiga þeir lægra launuðu að berjast gegn þeim hærra launuðu og gagnkvæmt. Samkvæmt henni á launafólk ekki lengur atvinnurekendavaldið að sameiginlegum óvini, höfuðóvini sem eigi að berjast sameiginlega gegn. Nei nú á sá draumur atvinnurekenda endanlega að rætast að sjá alþýðusamtökin bítast og berjast innbyrðis og fá að njóta góðs af.

Þeir Gunnar og Kjartan deildu í málflutningi sínum hart á stjórn félagsins fyrir slæleg vinnubrögð hennar á s.l. ári og þjónkun hennar við ríkisstjórnina og samstarfið við atvinnurekendur. Það virðist þó ætla að verða tilgangslítið starf að mæta á félagsfundi í Dagsbrún.

Á þeim er stjórnin allsráðandi enda svo komið að örfáir menn mæta og þá helst þeir sauðtryggu stjórnaráhangendur.

Aðrir virðast því miður hafa gefið það upp á bátinn að breyta félaginu í öflugt stéttarfélag.

En góðir félagsmenn. er ekki kominn tími til að við skipuleggjum andstöðu okkar gegn alþýðubandalagsklíkunni sem stjórnar Dagsbrún í eigin þágu?

Andstaðan gegn stjórninni er geysivíðtæk, það sannaðist í mótframboðstilrauninni í ársbyrjun 1978. Þessi andstaða þarfnast samstöðu og skipulagningar. Þá breytum við félaginu úr eiginhagsmunafyrirtæki fárra í öfluga fjöldahreyfingu.

Rauðar Örvar

Vestur-þýskur kommúnisti ferðaðist í gegnum A-Þýskaland með lest. Hann lenti í orðaskiptum við gamla konu.

Heima í Vestur-Þýskalandi, sagði hann, kosta skyrtur 40 mörk hver.

Skyrtur, sagði hún undrandi. Við áttum svoleiðis einu sinni.

Smjör er hræðilega dýrt fyrir vestan, við neyðumst til að nota smjörlíki.

Já, sagði gamla konan. Einu sinni áttum við líka smjörlíki.

Heyrðu nú , sagði vesturþýski kommúnistinn og var greinilega búinn að fá nóg af tilsvörum gömlu konunnar. Ekki segja mér svona ævintýri, bætti hann við. Ég er kommúnisti.

Kommúnisti, sagði gamla konan. Já, einu sinni voru þeir til hérna líka.

Brésneff var að ganga fram hjá Rauða torginu dag einn, þegar hann heyrði draugalega rödd segja. "Félagi Leonid færðu mér hest.....færðu mér hest".

Sami atburður átti sér stað næsta dag og daginn þar á eftir. Hann ákvað því að flytja Kosygin fulla skýrslu um málið. Daginn eftir héldu báðir mennirnir niður að Rauða torginu til að rannsaka málið .

Skyndilega heyrðist draugalega röddin aftur."..Fíflið þitt. Ég sagði þér að láta mig fá hest og þú færir mér asna."

Novotni forseti var að ráðgast við landbúnaðarráðherrann sinn.

Hversu mikið af hveiti eigum við spurði hann.

Nog til fjórtán mánaða félagi forseti.

Og kjöti?.

Rúmlega átta mánaða.

En hversu mikið af smjöri?

Nóg í eitt ár .

Kartöflur?

Þrettán mánuði .

Gott. Og hvað með slóvakana, taldirðu þá með í útreikningi þínum.

Slóvakana. Hvað ertu að tala um. Þegar þú sagðir við, hélt ég að þú værir að meina mig og þig.

FRAMHALD AF BAKSÍÐU

Hvað er framundan?

stundina, er rétt að stefna baráttunni inn á þær brautir, þar sem einhvers sigurs er að vænta.

Snótarkonur hafa nú hafið ötula baráttu til að hotta á bágrækt þinglið að efna loforð sín og ættu fleiri stéttarfélög að taka undir þá baráttu. Það er greinilegt, að ríkisstjórnin ætlar að láta staðar numið við föstudagana eina, en ekki leggja niður. eftirvinnu í áföngum eins og upphaflega var ætlað. Það þarf því samhenta baráttu allra stéttarfélaga til að ná fram því máli, t.d. í áföngum.

Ákvæðisvinna í síldarsöltun er sennilega eitt erfiðasta og um leið sóðalegasta starf, sem verkafólki er boðið upp á. Laun fyrir þessa vinnu hafa á undanförnum árum dregist svo aftur úr, að vanar söltunarstúlkur eiga orðið fullt í fangi með að ná tímakaupi í næturvinnu við síldarsöltun.

Í væntanlegum samningum þarf að lyfta þessum launum verulega upp.

(Tekið úr Fréttabréfi Verkalýðsfélaganna í Vestm.eyjum 1.maí s.l.).

Átta punktar kínverja

Friðarviðræður Kínverja og Víetnama hafa nú staðið yfir síðan 18. apríl í Hanoi. Fjórði fundurinn hófst í síðustu viku.

Víetnamar hafa haldið áfram árásum sínum á Kína, bæði áróðurslega og hernaðarlega.

Kínverjar hafa á hinn bóginn staðið við orð sín að þeir ásældust ekki þumlung víetnamsks lands.

Fulltrúar Kínverja við friðarviðræðurnar lögðu fram átta liða tillögu að friðarsamningi. Fer hún hér á eftir.

1. Báðir aðilar skuldbinda sig til að koma aftur á vinsamlegum og góðum tengslum milli Kína og Víetnams á grundvelli hinna fimm grundvallaratriða um samskipti þjóða. Þ.e. að virða sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði þjóða, að sýna ekki árásargirni, að skipta sér ekki af innanríkismálum annarra ríkja, jafnræði, samhjálp og friðsamleg sambúð. Þeir eiga að leita viðunandi lausnar á deilum ríkjanna á friðsamlegan hátt með viðræðum.

2. Hvorugur aðili mun nokkru sinni leita yfirráða í Indókína, Suðaustur-Asíu eða annarsstaðar í heiminum og eru andsnúnir tilraunum allra annarra til þess.

Hvorugur skal hafa hersveitir í öðrum löndum. Ef hersveitir eru í öðru landi núna verður að kalla þær heim. Hvorugur skal ganga í hernaðarbandalag sem beint er gegn hinum, láta í té hernaðaraðstöðu fyrir annað ríki eða nota landsvæði annars lands til að ógna eða ráðast frá á hitt ríkið né nokkurt annað ríki.

3. Báðir viðurkenna landamæri ríkjanna eins og þau voru ákveðin sem fransk-kínversk landamæri sem grundvöll að friðarumleitunum. Báðir viðurkenna einnig að láta það ástand vera áfram sem var þegar miðstjórnir Kommúnistaflokks Kína og Víetnams skiptust á bréfum árin 1957-58 og hvorugur mun reyna að breyta því á nokkurn hátt.

4. Báðir munu virða yfirráð hins yfir 12 mílna landhelgi og munu semja um efnahagslögsögu á landgrunni í Beibu-flóa og annars staðar í samræmi við gildandi alþjóðleg hafréttarlög.

5. Xisha og Nansha-eyjar hafa alltaf verið óaðskiljanlegur hluti af Kína. Víetnam á að snúa til fyrri afstöðu þar sem þessi staðreynd er viðurkennd og virða yfirráð Kína yfir þessum tveimur eyjaklösum og draga til baka allt herlið sem þeir hafa nú þegar sett á eyjarnar.

6. Fólk af öðru þjóðerni en dvalarlandsins skal virða lög og reglur landsins, siði og venjur fólksins og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að styrkja efnahagslega og menningarlega þróun landsins. Ríkisstjórn dvalarlandsins skal ábyrgjast réttindi og hagsmuni þessa fólks ferðafrelsi, lífsafkomu og atvinnu og verja persónulegt öryggi þess sem og löglega fengnar eignir þess.

Báðir aðilar munu eiga vingjarnleg samskipti við fólk af hinu þjóðerninu þar búsett og ekki ofsækja það né reka ólöglega úr landinu.

7. Víetnamska ríkisstjórnin skal svara lögmætum óskum víetnamskra þegna sem reknir hafa verið til Kína með því að taka við þeim aftur og leyfa þeim að búa um sig á viðunandi hátt eins fljótt og unnt er.

Kínverska ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að flýta fyrir þessu.

8. Járnbrautarsamgöngur, flugsamgöngur, verslun, póst og símaviðskipti og annað skal koma í fyrra horf sem fyrst með viðræðum milli fulltrúa viðkomandi stofnana beggja landanna.

Auk þess lögðu Kínverjar sérstaka áherslu á að fangaskipti yrðu gerð eins fljótt og unnt væri.

Víetnamar tala um frið en undirbúa stríð

Víetnömsk yfirvöld halda áfram andkínverskri áróðursherferð. Undir lok fyrsta hluta friðarviðræðna kínverja og víetnama gaf aðalritari Kommúnistaflokks Víetnams út "leiðbeiningar" um að "öll þjóðin ætti að undirbúa sig fyrir frekari fórnir til að sigra afturhaldið í Peking". Jafnframt eru varnir landsins styrktar við landamærin.

Frá gagnárás kínverja í febrúar hafa víetnamar fjölgað í fastahernum úr 600.000 í eina milljón manna. Um hundrað þúsund þessara hermanna hafa verið fluttir til landamæra Kína og Víetnam.

Meðan þetta gerist við landamærin streyma sovésk skip til hafna í Víetnam. Einkum er mikið af sovéskum hergögnum flutt á land í höfnunum Da Nang og Haiphong. Áður hefur verið sagt frá því í STB að rússar hafa tekið að sér fyrrverandi bandaríska flotastöð við Cam Ranh flóa. Sovéskar flugvélar taka síðan við og flytja hergögnin til flugvalla í Hanoi og fleiri staða.

Víetnamar halda uppteknum hætti við landamærin.

Víetnamar lögðu fram tillögu í þremur liðum til lausnar deilu þeirra og kínverja. Einn liðurinn var að ríkin legðu af fjandskap við landamærin og sérstakt hlutlaust belti yrði á landamærunum.

Eftirfarandi listi yfir fjandsamlegar aðgerðir víetnama eftir að kínverski herinn yfirgaf Víetnam 16. apríl sýnir best hvað mikið er að marka friðarhjal þeirra.

16. apríl fóru víetnamskir hermenn yfir landamærin og hófu skyndisókn á hendur kínverskum landamæravörðum. Þetta var í Jingxi héraði.

17. apríl fóru víetnamskir hermenn þrjár ferðir yfir landamærin. Kínverskir landamæraverðir svöruðu árásunum í öll skiptin og hröktu víetnamana á brott.

20. apríl gerðu víetnamar tvær árásir yfir landamærin, í Jingxi héraði og Ningming.

22. apríl skutu víetnamskir hermenn í Lao Cai í Víetnam yfir landamærin og særðu þrjá kínverja.

23. apríl fóru víetnamskir hermenn yfir landamærin.

Alls hafa víetnamar farið 300 ferðir yfir landamærin eftir að kínverski herinn yfirgaf Víetnam.

Víetnamar nota friðarviðræðurnar sem hulu yfir enn frekari hernaðaraðgerðir þeirra í Suðaustur-Asíu, ekki aðeins gagnvart Kína heldur miklu fremur gagnvart öðrum nágrannaríkjum sínum.



Ah Hsi, sex ára gamall kínverskur drengur frá Kwangsi, vann fyrstu verðlaun í Alþjóðlegri myndlistarsamkeppni barna í Finnlandi árið 1977. Drengurinn sem er af Maonan - þjóðflokki byrjaði að læra málun fjögurra ára gamall og hefur nú náð valdi á hefðbundinni kínverskri málun með penslum. (Mynd frá Hsinhua).



Verkföll í Svíþjóð.

Tíð verkföll hafa verið í Svíþjóð undanfarna mánuði. Alls urðu í apríl ellefu verkföll til að krefjast hærri launa.

Í mars urðu vinnustöðvanir 62 og þátt í þeim tók um 17 þúsund manns. Meðal þeirra voru 6.500 skipasmiðir í Gautaborg, 3000 stáliðnaðarmenn í Oxelosund og 2100 verkamenn í málmiðnaði í Hallstahammar.

Yfirleitt voru þessi verkföll árangursrík og kröfur verkfallsmanna náðu að hluta fram að ganga.

Mannfall í víetnamska innrásarliðinu í Kamputseu.

Byltingarher Kampútseu varð vel ágengt í bardögum við víetnamska innrásarherinn við þjóðvegi 4 og 5 í mars og apríl.

25. og 26. mars reyndu víetnamar að opna þjóðveg 5 fyrir umferð. Byltingarherinn gerði gagnárás og felldi um 140 víetnama og eyðilagði hergögn. Svipuð saga endurtók sig í byrjun apríl og náði Byltingarherinn þá á sitt vald miklu af vopnum og hergögnum frá víetnömum.

Frá 2. til 9. apríl felldu hermenn Byltingarhersins yfir 200 víetnama við þjóðveg 4. Jafnframt tóku þeir mikið af hergögnum. Byltingarherinn náði einnig á sitt vald bæjunum Phnom Khdei, Phnom Preash Kai og Ta Am.

Þessar fréttir og aðrar svipaðar sýna ljóslega að þrátt fyrir að víetnamar hafi náð á sitt vald stærstu borgum landsins fer því fjarri að yfirráð þeirra séu traust. Þeir þurfa til dæmis að halda úti miklum liðsafnaði til að halda þjóðvegunum opnum en án umferðar um þá eru borgirnar einangraðar. Skæruliðaher Pol Pots hefur hins vegar tryggan stuðning alþýðunnar til sveita.

Her Tælands í viðbragðsstöðu.

Haft er eftir forsætisráðherra Tælands að her landsins sé í viðbragðsstöðu. "Við erum í viðbragðsstöðu og munum vera tilbúnir að þrýsta á gikkinn ef einhver gerir tilraun til innrásar í landið," sagði hann í viðtali við blaðamenn þar í landi.

Átti hann þar við síendurteknar hótanir Heng Samrins, forsætisráðherra leppstjórnar víetnama í Kampútseu. Lepparnir sem og víetnamar og rússar hafa ásakað stjórn Tælands fyrir stuðning við stjórn Pol Pots.

Þessi áróður er aðeins fyrsta skrefið í frekari útþenslu rússa og víetnama í Suðaustur-Asíu.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-

BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-

TIL ÚTLANDA : KR.13000.-

TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
20. tbl. 8. árg. 22.5.1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Úr Fréttabréfi verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum

1. MAÍ - ÁVARP Í VESTMANNAEYJUM

Þótt nokkuð sé liðið frá 1. maí, þykir ritstjórn Stéttabaráttunnar rétt að birta hér í heild 1. maí ávarp fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum. Auk þess koma fram nokkrar valdar greinar úr Fréttabréfi verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum.

Þann 1 maí ár hvert fylkir verkalýðshreyfing heimsins sér undir gunnfána sína og leggur fram kröfur um bætt lífskjör í betra þjóðfélagi. Sú barátta, sem verkalýður heimsins hefur háð við fjandsamlega eignastétt og skilnings lítið oft á tíðum óvinveitt ríkisvald, hefur þegar markað djúp spor. Hvað okkur Íslendinga varðar má nefna, að fyrir þessa baráttu hefur náðst fram stytting vinnutímans, lífeyrissjóðir, verkamannabústaðir, atvinnuleysistryggingar og orlof, svo fátt eitt sé nefnt dæmi.

En barátta verkalýðshreyfingarinnar er barátta sem aldrei tekur enda. Reynslan hefur sýnt okkur, að við verðum einnig að standa vörð um áunnin réttindi jafnframt því, sem barist er fyrir auknum réttindum. Meðan það ástand ríkir, að jafnt atvinnurekendur sem ríkisvald sjá þau ráð ein til úrbóta að skerða laun og réttindi verkafólks, verða samtök þess að halda vöku sinni.

Í ljósi reynslunnar sést einnig að varanlegur ávinningur baráttunnar er bundinn því skilyrði, að áhrif launafólks á rekstur atvinnufyrirtækja stóraukist. Óvíða hefur þetta verið ljósara en einmitt hér í Vestmannaeyjum, þar sem eigendur atvinnutækja hafa notað lífsafkomu verkafólks, sem vopn í einkabaráttu sinni við ríkisvaldið. Í þeim hópi ríkir fyrst og síðast sjónarmið einkagróðans og eru hagsmunir þeirra, sem að framleiðslunni starfa, og hagsmunir bæjarfélagsins í heild, algjört aukaatriði í augum þessara postula einkaframtaksins. Það er grundvallanauðsyn að verafólk fái stóraukin áhrif á rekstur fyrirtækja, fyrr verður atvinnuöryggi þess ekki tryggt.

Full atvinna fyrir allt verkafólk er nú sem fyrr, höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar Án fullrar atvinnu er allt tal um minnkandi verðbólgu og aukinn kaupmátt hreint hjóm. Við skulum muna að möguleikinn til atvinnu er mannréttindamál. Það er ekki einkamál þess hóps, sem missir atvinnuna, heldur varðar það þjóðfélagið í heild og þjóðfélag, sem ekki getur séð vinnufærum þegnum sínum fyrir atvinnu, er misheppnað þjóðfélag og slíku þjóðfélagi þarf að breyta og sníða það eftir þörfum hinna vinnandi stétta.

Samskipti ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar hafa að vonum verið ofarlega á baugi að undanförnu. Það er staðreynd að núverandi ríkisstjórn var sett á laggirnar að kröfu verkalýðshreyfingarinnar. Sú krafa var fram komin vegna þeirrar trúar að verkalýðsflokkarnir tveir, sem svo eru gjarnan nefndir, mundu geta sameinast í baráttunni fyrir bætttum hag alþýðunnar í landinu, hvað sem öðrum deilumálum kynni að líða. Það virðist hins vegar óumdeilanleg staðreynd að þessar vonir hafa brugðist. Svo virðist, sem nokkrir nýliðar á þingi, líti á sali Alþingis sem eitt alsherjarfjölleikahús þar sem aðalatriðið sé að hafa sem hæst og nota sem stærst orð, en framkvæmdir á stefnumálum ríkisstjórnarinnar virðast vera aukaatriði, sem helst af öllu þurfi að komast hjá að framkvæma.

Afleiðingar þessa ástands liggja ljósar fyrir. Í stað þess að vinna að framtíðar stefnumörkun, þar sem hagsmunir launafólks verði tryggðir, er með nokkurra mánaða millibili gripið til þess ráðs að lögfesta skerðingu á kjörum launafólks.

Samskipti aðila vinnumarkaðarins eiga að vera ákveðin með samningum en ekki með löggjöf nema því aðeins að samtök launafólks séu löggjöfinni samþykk. Verkalýðssamtökin hljóta hins vegar að mótmæla harðlega löggjöf, sem stjórnvöld setja og skerðir þau kjör, sem samið hefur verið um í kjarasamningum og er þá sama hvað ríkisstjórn á í hlut.

Nafngiftin "vinstri stjórn" er ekki merkingalaust hugtak í hugum fólks, fremur en hugtakið "hægri stjórn". En ríkisstjórn sem kallar sig vinstri stjórn en sér ekki önnur ráð til lausnar vandamálum sínum en að skerða kjör alþýðufólks verður aldrei annað en hægri stjórn hvað sem hún kallar sig. Þetta ætti núverandi ríkisstjórn að hafa í huga áður en hún leggur upp í nýjan áfanga á sömu braut.

Fulltrúaráð Verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum hvetur allt launafólk til að halda vöku sinni gegn þeim kaupránsöflum sem sífellt eru að verki bæði utan Alþingis og innan. Verum reiðubúin til að mæta árásum á kjör okkar með þeim krafti, sem samstaða og samtakamáttur okkar einn getur skapað.

EFTIRVINNUBANN SNÓTAR.

Í Fréttabréfi verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum er sagt frá fundi Verkakvennafélagsins Snótar þar. Fundurinn var haldinn kl. 22 þann 3. apríl. Aðalefni fundarins var eftirvinna á föstudögum. Um þetta er eftirfarandi grein úr Fréttabréfinu:

Eins og allir vita, voru gefin eftir 3% af desember hækkun launa vegna hins margumtalaða félagsmálapakka, sem átti að bæta þessi 3% upp, innihald pakkans á að vera ýmislegt t.d. endurbætur á veikinda-og slysabótum, uppsagnarfresti og öðrum félagslegum umbótum.

Snótarkonur lögðu mikið upp úr innihaldi pakkans og ekki síst niðurfellingu á eftirvinnu í áföngum, á föstudögum, frá 1. janúar 1979 og síðan bættist við einn dagur á ári, þar til eftirvinna væri endanlega úr sögunni og næturvinna hæfist strax að dagvinnu lokinni.

Á aðalfundi Snótar í febrúar, var þegar rætt um efndir á þessu og ákveðið að fara út í einhverjar aðgerðir ef ekki væri farið að hilla undir úrbætur um miðjan mars. Síðan fyrst í apríl var þolinmæði okkar þrotin og þessi kvöldfundur samþykkti einróma að hætta eftirvinnu á föstudögum eftir 15. apríl sem var og gert.

Snótarkonur standa mjög vel saman, þegar á reynir og þær eru að berjast fyrir réttum málstað.

Jóhanna Friðriksd.
(Tekið úr Fréttabréfi Verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum 1. maí s.l.)

LOKSINS NÁMSKEIÐ!

Síðastliðið mánudagskvöld hófst kjaranámskeið fyrir stúlkur sem vinna á stofnunum bæjarins. Milli 80 og 90 stúlkur voru mættar og hófst námskeiðið með hópefli, sem hefur reynst mjög vel til að auðvelda fólki að tjá sig.

Sigrún Karlsdóttir félagsmálaráðgjafi bæjarins kenndi hópeflið og hefur hún verið okkur stoð og stytta í að hrinda þessu námskeiði í framkvæmd. Námsefni verður margvíslegt t.d. hjálp í viðlögum, sálarfræði, starfsstellingar, tryggingar og fleira.

Vegna fjölda þátttakenda varð að skipta hópnum í tvennt. Það sem búið er að skipuleggja núna er fyrrihluti þess námskeiðs sem samið var um í vetur, síðan verður tekinn fyrir seinni hlutinn, en hvort það getur orðið fyrr en seinniparts sumars er enn ekki ákveðið. Ég vona að þessar stúlkur hafi bæði gagn og gaman af þessu námskeiði, sem auk þess gefur 8% launahækkun þegar því er öllu lokið.

Jóhanna Friðriksd.
(Tekið úr Fréttabréfi Verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum 1. maí s.l.)

HVAÐ ER FRAMUNDAN?

Á þessum baráttudegi okkar er rétt að gera sér grein fyrir hverju við ætlum að stefna að í náinni framtíð og jafnvel þótt við heyjum varnarbaráttu þessa

FRAMHALD Á SÍÐU 2

LOFORÐ OG EFNDIR.

Þann 1. des. s.l. samdi verkalýðshreyfingin við ríkisstjórnina um að gefa eftir 3% af þeirri launahækkun sem þá átti að koma vegna vísitöluhækkunar skv. samningum, ef í staðinn yrðu lögfestar ýmsar félagslegar umbætur, er verkalýðshreyfingin gæti metið til jafns við þá launahækkun. Samkomulag þetta hefur síðan gengið undir nafninu "félagsmálapakkinn" manna á milli.

Atvinnurekendur ráku upp mikið ramakvein, þegar þeir vissu hvað "pakkinn" átti að innihalda og sögðu að hann mundi kosta sig 18 miljarða á ári.

Efndir á þessu samkomulagi hafa verið þessari ríkisstjórn til mestu skammar. Nú eru liðnir 5 mánuðir síðan launafólk afsalaði sér þessari kauphækkun og hefur ekkert af þessum loforðum litið dagsins ljós í formi laga, nema breytingar á lögum um ríkisábyrgð við gjaldþrot og breytingar á lögum um orlof (þe. heimild innheimtuaðila til aðgangs að bókhaldi orlofsgreiðanda).

Séu útreikningar atvinnurekenda réttir, þá hefur ríkisstjórnin haft 7,5 miljarða af launafólki í landinu með vanefndum sínum og fært þá upphæð hinum síkvartandi atvinnurekendum.

Verkafólk er farið að lengja eftir efndum ríkisstjórnarinnar á þessu loforði og er þolinmæði þess nú á þrotum. Verkakonur hér hafa ákveðið að bíða ekki lengur. Verkakvennafélagið Snót hefur samþykkt að vinna ekki eftirvinnu á föstudögum eftirleiðis og hófst þessi aðgerð verkakvenna þann 20. apríl s.l.

(Tekið úr Fréttabréfi Verkalýðsfélaganna í Vestm. eyjum).

Atvinnuhorfur skólafólks



Skólanemar við gatnagerð.

Mjög slæmar atvinnuhorfur eru nú fyrir skólafólk. Flestir vinnustaðir sem taka við skólafólki á annað borð veita nú færri unglingum vinnu en undanfarin sumur.

Þessir fáu sem vinnu fá eru helst þeir sem áður hafa unnið á viðkomandi vinnustað eða hafa betri aðstöðu en aðrir til að koma sér á framfæri.

Þetta ástand er í fullu samræmi við almennt efnhagsástand í þjóðfélaginu. Samdráttur blasir við á flestum sviðum þar sem þensla undanfarinna ára hefur orðið hægari.

Þótt almennt atvinnuleysi hafi verið tiltölulega lítið í vetur hefur það þó verið meira en undanfarin ár.

Það hlýtur að vera réttmæt krafa jafnt skólafólks sem annarra að þeim sé séð fyrir vinnu við hæfi.

Áskrift

Ég undirrit aður/uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ____________________

Heimili: ____________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík